

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. desember 2010
Tilvísun: 2010110023/50.11
Project Number: 1227000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (frestun gildistöku ákvæðis um aðgreiningu samkeppni- og sérleyfisstarfsemi), 204. mál

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 29. nóvember 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breyting á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (frestun gildistöku ákvæðis um aðgreiningu samkeppni- og sérleyfisstarfsemi), 204. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni frumvarpsins og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Orkustofnun bendir á að með setningu raforkulaga, nr. 65/2003, var stefnt að því að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Til að ná þessu markmiði laganna skyldi stefnt að því að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna. Þá skyldi stuðlað að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku. Að auki átti að tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda. Markmið þessi má lesa úr 1. gr. raforkulaga.

Eins og fram kemur í athugasemdum við framangreint frumvarp til laga var megininntak laga nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, m.a. að kveða á um aðgreiningu samkeppni- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja. Þá segir í athugasemdum að rökin að baki kröfu um aðgreiningu samkeppni- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja (fyrirtækjaaðskilnaður) voru tvíþætt. Annars vegar þurfti að gera þessa kröfu svo að unnt væri að setja reglur um opinbert eignarhald fyrirtækja sem stunda sérleyfisstarfsemi. Hins vegar væri, með aðgreiningu þessara þátta í starfsemi raforkufyrirtækja, betur unnt að tryggja að allir raforkuframleiðendur sitji við sama borð í samskiptum sínum við þau fyrirtæki sem annast dreifingu á raforku og koma í veg fyrir samkeppnishindranir sem kunna að leiða af því að sérleyfis- og samkeppnistarfsemi sé á sömu hendi.

Orkustofnun ber samkvæmt raforkulögum skylda til þess að hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt raforkulögum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögnum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og öðrum heimildum.

Að mati Orkustofnunar voru þær breytingar sem gerðar voru á 2.–4. másl. 1. mgr. 14. gr. raforkulaga til bóta hvað varðar eftirfylgni með þeim markmiðum raforkulaga sem getið var hér að framan. Að óbreyttu er í núgildandi raforkulögum, fyrir utan 2.–4. másl. 1. mgr. 14. gr., eingöngu kveðið á um bókhaldslegan aðskilnað fyrirtækja. Þó er Samkeppniseftirliti veitt heimild í 2. mgr. 27. gr. laganna til að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, þ.m.t. fyrirtækjaaðskilnað milli samkeppnistarfsemi og starfsemi er nýtur sérleyfis eða hefur sambærilega stöðu. Sambærilega heimild er ekki að finna til handa Orkustofnun.

Eftir sem áður er í 1. mgr. 27. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga, nr. 1040/2005, kveðið á um aðskilnað fyrirtækja upp að vissu marki þar sem segir að skylt er að aðskilja starfsemi dreifiveitna og sölufyrirtækis eða söludeildar sem rekin er innan sama fyrirtækis. Skal þess gætt að starfsmenn sölufyrirtækja eða söludeilda hafi ekki aðgang að upplýsingum sem dreifiveita býr yfir um raforkunotkun, notkunarferla eða annað það sem varðað getur raforkuviðskipti annarra raforkunotenda en þeirra sem eru í viðskiptum við viðkomandi sölufyrirtæki.


Þá vekur Orkustofnun athygli á að hjá stofnuninni hefur á undanförunum árum verið unnið að undirbúningi að gildistöku 2.–4. másl. 1. mgr. 14. gr. raforkulaga, þ.m.t. vinna við að semja leiðbeiningar og viðmið varðandi boðaða aðgreiningu samkeppni- og sérleyfisþátta í rekstri orkufyrirtækja. Því stendur ekki á Orkustofnun að framfylgja umræddu ákvæði 2.–4. másl. 1. mgr. 14. gr. raforkulaga

Er það mat Orkustofnunar að 2.–4. másl. 1. mgr. 14. gr. raforkulaga sé mikilvægt til að ná fram markmiðum raforkulaga. Telur Orkustofnun að frestun á því ákvæði feli í sér óaskileg áhrif á samkeppnisumhverfi raforkufyrirtækja og gerir eftirlitshlutverk Orkustofnunar samkvæmt raforkulögum flóknara og erfiðara.

Þá er rétt að vekja athygli iðnaðarnefndar á að önnur raforkufyrirtæki, svo sem RARIK ohf. (Orkusalan ehf.), Norðurorka (Fallorka ehf.) og Hitaveita Suðurnesja hf. (HS Veitur hf./HS Orka hf.) hafa þegar gengið í gegnum aðskilnað með tilheyrandi kostnaði, enda þótt að fyrirbyggjandi lagafyrirmæli þess efnis hafi enn ekki tekið gildi.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki frekari athugasemdir við umrætt frumvarp til laga að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Lárus Ólafsson
yfirlögfræðingur